

2008020113

8721

Bláskógabyggð  
Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 5. mars 2008

/--

### Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Bergstaða í Bláskóagbyggð

Með vísan til erindis Bláskógabyggðar dags. 22. febrúar 2007 þar sem Skipulagsstofnun er sent til skoðunar deiliskipulag frístundabyggðar í land Bergstaða, skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn þann 2. október 2007. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga og var tillagan í auglýsingu frá 16. nóvember 2007 en frestur til athugasemda rann út 28. desember. Engar athugasemdir bárust.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þremur  $5.000 \text{ m}^2$  lóðum fyrir frístundahús. Heimilt verður að reisa allt að  $150 \text{ m}^2$  frístundahús og  $25 \text{ m}^2$  aukahús.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti, í mkv. 1:2000, dags. 31. ágúst 2007. Erindinu fylgdu ljósrit af umsögn Fornleifaverndar ríkisins, dags. 18. desember 2007 og ljósrit af auglýsingum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn og gerir ekki athugasemd við að Bláskógabyggð auglýsi deiliskipulagsbreytinguna í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsstofnun ítrekar það sem hún hefur áður bent á að nauðsynlegt er að gerður sé yfirlitsuppráttur yfir jörðina sem sýnir bæði núverandi byggð og þær skipulagsáætlunar sem þegar hafa verið samþykktar á einstökum eignarhlutum. Sjá bréf Skipulagsstofnunar frá 16. desember 2005 og 12. október 2006. Stofnunin mælir jafnframt með því að ef/þegar frekari byggð verður fyrirhuguð á svæðinu verði gert heildstætt skipulag af því öllu.

Ólafur Brynjar Halldórsson